

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019:

Lagt er til að starfsmenn frístundaheimila fái frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig er gætt jafnræðis milli starfsmanna skólanna enda stendur nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.